

Mánudaginn 13. febrúarm.

Nr 25/1881

E. Egilsson

gegn

E. Th. Jónassen

Dómur:

Með því áfrýjunarstefnan í máli þessu, sem gefin er út á dómsmálaskrifstofu yfirdómsins 10. októbermán. 1881, ekki var lögð fram í yfirdóminum hinn 6. þ. m., þá er málið fyrst átti að koma fyrir í rjettinum, ber eptir 5. gr. tilskip. 3. júní 1796 að vísa henni frá yfirdóminum, og þar eð hinn stefndi mætti nefndan dag, og því verður að álita, að stefnan hafi verið birt honum, ber samkvæmt kröfu hans að dæma honum kost og tæringu, er virðist hæfilega metin 5 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjunarstefnunni í máli þessu vísast frá yfirdóminum. Áfrýjandanum, E. Egilsson, ber að greiða hinum stefnda, bæjarfógeta E. Th. Jónassen, 5 krónur í kost og tæringu, sem lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 20 febrúarmán,

Nr. 29/1881

Eiríkur Ásmundsson

gegn

Þórði Jónssyni

Dómur:

Mál það, sem hjer er áfrýjað, er höfðað fyrir

aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu af Eiríki Ásmundssyni gegn Þórði Jónssyni til þess að fá hann skyldaðan til að greiða sjer 70 krónur er hafi verið um samið verð fyrir nokkra kaðla, er hann hafði selt Þórði. Mál þetta er dæmt í hjeraði 22. septbr. f. á., og urðu þau málalok, að sökinni var frá vísað, en málskostnaður látinn falla niður.

Hefur nú Eiríkur Ásmundsson skotið dómi þessum til yfirdómsins með stefnu, sem dagsett er 5. desbr. f. á., og krafizt:

1. að undirrettardómurinn verði alveg úr gildi felldur, og málinu vísað heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu,
2. að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað allan, sem af áfrýjuninni leiðir, með 15 krónum eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinn stefndi, Þórður Jónsson, hefur á hinn bóginn haldið því fram, að undirrettardómurinn verði staðfestur.

Ástæður hjeraðsdómsins fyrir frávísunardómi sínum eru þær, að hinn stefndi hafi í hjeraðsrjettinum sýnt undirrettardómsgjörðir og stefnu til yfirdómsins í máli snertandi kaðlakaup málsaðila, er hinn stefndi hafi höfðað gegn áfrýjanda, og með því málið þannig sje lagt undir úrslit dómstólanna, geti ekki að svo komnu gengið dómur um aðalefni þess.

En yfirdómurinn getur alls ekki álitid, að nein sönnun sje, gegn neitun áfrýjanda, komin fram fyrir því, að bæði málin, það, sem stefndi hafði höfðað gegn Eiríki Ásmundarsyni, og það mál,

sem hjer er áfrýjað—skjöl þau, sem undirdóm-
arinn, eins og áður segir, hefur getið um, hafa
ekki verið lögð fram—sjeu útaf sama efni, og
ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að vísa málinu
heim aptur til dómsáleggingar í aðalefninu.

Málskostnað fyrir yfirdómi virðist hinn stefndi
eiga að greiða áfrýjanda, og þykir hann hæfi-
lega metinn 15 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómaranum ber að taka mál þetta fyrir
að nýju og dæma það að aðalefninu til. Hinn
stefndi, Þórður Jónsson, greiði áfrýjanda, Eiríki
Ásmundssyni, í málskostnað fyrir yfirdómi 15
krónur.

Í dæmdur málskostnaður lúkist innan 8 vikna
frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. marzmán.

Nr. 3/1882

Sigurþór Ólafsson

gegn

Jóni landhöfðingjaritara Jónssyni.

Dómur:

Með stefnu, dagsettri 14. f. m., hefur Sigurþór
Ólafsson áfrýjað til yfirdómsins varðhaldsúrskurði,
sem kveðinn var upp yfir honum á þingi, er haldið
var í þinghúsi Reykjavíkur kaupstaðar sunnudaginn
5. s. m.. af Jóni landshöfðingjaritara Jónssyni, og
krafizt, að greindur úrskurðnr, sem hljóðar þannig:
„Með því að getgáta Sigurþórs um, að dauði Krist-